

REGLUR

um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda.

Markmið gæðaeftirlits.

1. gr.

Markmið gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja er að tryggja að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækja ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og annarra reglna sem taka til starfa endurskoðenda og stuðla þannig að trausti notenda á ársreikningum og öðrum reikningsskilum sem endurskoðendur árita.

Umfang gæðaeftirlits.

2. gr.

Gæðaeftirlit felur í sér könnun á gæðakerfi endurskoðunarfyrtækis, könnun á því hvort endurskoðun sé unnin í samræmi við góða endurskoðunarvenju og hvort farið sé að kröfum um óhæði. Þá er umfang vinnu endurskoðenda kannað sem og greiðslur fyrir þá þjónustu sem endurskoðendur veita.

Gæðaeftirlitið skal fela í sér sannprófanir á að gæðakerfi, gæðastjórnun, skipulag og framkvæmd endurskoðunar og frágangur vinnuskjala sé í samræmi við lög og góða endurskoðunarvenju, skv. 14. gr. laga um endurskoðendur og endurskoðun.

3. gr.

Gæðaeftirlit er framkvæmt á vegum endurskoðendaráðs, en ráðið annast eftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum.

Gæðaeftirlitið nær til allra endurskoðunarfyrtækja og endurskoðenda sem sinna endurskoðun samkvæmt lögum um endurskoðendur og endurskoðun. Gæðaeftirlitið beinist að endurskoðunarfyrtækji í heild sinni og að einstökum endurskoðendum sem árita endurskoðuð reikningsskil.

4. gr.

Gæðaeftirlit skal fara fram á grundvelli áhættugreiningar. Endurskoðendaráð framkvæmir áhættugreiningu á öllum endurskoðunarfyrtækjum árlega og ákveður hvaða endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtækja skuli sæta gæðaeftirliti hverju sinni. Þeim sem sæta eiga gæðaeftirliti skal tilkynnt um það með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Gæðaeftirlitið nær að jafnaði til hvers endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis eigi sjaldnar en á sex ára fresti. Endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtækja sem annast endurskoðun eininga sem tengdar eru almannahagsmunum skulu þó sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti sbr. 1. og 2. mgr. 31. gr. laga um endurskoðendur og endurskoðun.

Endurskoðendaráð getur ákveðið að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtækja sæti sérstöku gæðaeftirliti ef ráðið telur að fyrir hendi séu atvik sem leiða til þess að slíkt eftirlit sé talið nauðsynlegt. Þá getur endurskoðendaráð ákveðið að endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtækja sæti örrara eftirliti en kveðið er á um í 2. mgr. ef nauðsyn krefur, s.s. til að fylgja eftir tilmælum um úrbætur. Loks getur endurskoðendaráð ákveðið að framkvæmt skuli gæðaeftirlit sem beinist að afmörkuðum atriðum.

5. gr.

Sinni endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtækja ekki tilmælum um gæðaeftirlit getur endurskoðendaráð gripið til viðeigandi ráðstafana samkvæmt lögum um endurskoðendur og endurskoðun.

Gæðaeftirlitsmenn.

6. gr.

Gæðaeftirlitsmenn skulu hafa viðeigandi menntun og reynslu í endurskoðun og reikningsskilum auk sérstakrar þjálfunar í gæðaeftirliti. Starfandi endurskoðendur eða aðrir starfsmenn endurskoðunarfyrtækja geta verið gæðaeftirlitsmenn.

Þegar um er að ræða gæðaeftirlit hjá endurskoðunarfyrtækjum sem annast endurskoðun eininga sem tengdar eru almannahagsmunum er endurskoðendaráði heimilt að byggja val á gæðaeftirlits-

mönnum á undanþáguheimild 5. tölul. 26. gr. reglugerðar nr. 537/2014/ESB, að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í ákvæðinu.

Gæðaeftirlitsmönnum er ekki heimilt að koma að gæðaeftirliti hjá endurskoðunarfyrtækjum eða endurskoðendum sem þar starfa fyrr en að lágmarki þrjú ár eru liðin frá því viðkomandi hætti sem meðeigandi eða starfsmaður umrædds endurskoðunarfyrtækis eða rauf önnur tengsl sín við endurskoðunarfyrtækið.

7. gr.

Gæðaeftirlitsmenn sem sinna gæðaeftirliti hjá endurskoðunarfyrtæki eða endurskoðanda skulu að jafnaði vera tveir eða fleiri. Þá er endurskoðendaráði eða aðilum á vegum ráðsins heimilt að vera viðstaddir gæðaeftirlit.

8. gr.

Gæðaeftirlitsmaður skal staðfesta óhæði sitt og að ekki sé að vænta neinna hagsmunaárekstra hans og endurskoðandans eða endurskoðunarfyrtækisins sem sætir gæðaeftirliti. Þá skal gæðaeftirlitsmaður undirrita trúnaðaryfirlýsingu áður en vinna við gæðaeftirlit hefst.

9. gr.

Endurskoðendaráð skal halda námskeið fyrir gæðaeftirlitsmenn reglulega. Þá skal endurskoðendaráð gefa út leiðbeiningar um framkvæmd gæðaeftirlits.

Val á gæðaeftirlitsmönnum.

10. gr.

Ef gæðaeftirlit vegna endurskoðunar eininga sem ekki eru tengdar almannahagsmunum er framkvæmt af öðrum en endurskoðendaráði skal framkvæmdaaðili velja gæðaeftirlitsmenn og senda endurskoðendaráði lista yfir gæðaeftirlitsmenn til samþykktar áður en framkvæmd eftirlits hefst.

Ef endurskoðendaráð framkvæmir gæðaeftirlit velur ráðið gæðaeftirlitsmenn.

Skulu gæðaeftirlitsmenn uppfylla þau skilyrði sem fram koma í 6. gr. og hafa sótt námskeið fyrir gæðaeftirlitsmenn.

11. gr.

Endurskoðendaráð velur gæðaeftirlitsmenn til að framkvæma gæðaeftirlit vegna endurskoðunar eininga sem eru tengdar almannahagsmunum.

Skulu gæðaeftirlitsmenn uppfylla þau skilyrði sem fram koma í 6. gr. og hafa sótt námskeið fyrir gæðaeftirlitsmenn.

12. gr.

Þeim sem sætir gæðaeftirliti skal tilkynnt um nöfn gæðaeftirlitsmanna og gefinn hæfilegur frestur til að gera athugasemdir við val á eftirlitsmönnum.

Framkvæmd gæðaeftirlits.

13. gr.

Endurskoðendaráði er heimilt að semja við fagfélög endurskoðenda um framkvæmd gæðaeftirlits hjá félagsmönnum sínum vegna endurskoðunar eininga sem ekki eru tengdar almannahagsmunum.

14. gr.

Endurskoðendaráð tekur ákvörðun um fjölda verkefna og val á verkefnum sem koma til skoðunar í gæðaeftirliti. Val á verkefnum skal byggt á áhættugreiningu sem tekur mið af eðli og umfangi verkefna.

Þeim sem sætir gæðaeftirliti skal að jafnaði tilkynnt um það hvaða verkefni koma til skoðunar með hæfilegum fyrirvara.

Gæðaeftirlitsmenn skulu halda upphafsfund með endurskoðanda eða fyrirsvarsmönnum endurskoðunarfyrtækis þar sem farið er yfir skipulag og umfang eftirlitsins og gæðaeftirlitsmönnum veittar þær upplýsingar sem þeir óska eftir og nauðsynlegar eru til að hægt sé að framkvæma eftirlitið.

Upphafsfundur getur eftir atvikum farið fram rafrænt eða símleiðis. Í undantekningartilvikum geta samskipti í gegnum tölvupóst komið í stað upphafsfundar.

Eftir upphafsfund skal fara fram skoðun á gæðakerfum endurskoðunarfyirtækis.

Við lok gæðaeftirlits eru lokadrög að skýrslu send endurskoðanda og/eða fyrirsvarsmönnum endurskoðunarfyirtækis til yfirlstrar þar sem niðurstöður eftirlitsins eru kynntar og gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem fram koma í eftirlitsskýrslu.

Skoðun gæðaeftirlitsmanna og eftirlitsskýrsla.

15. gr.

Gæðaeftirlit fer að jafnaði fram á starfsstöð endurskoðanda eða endurskoðunarfyirtækis sem sætir gæðaeftirliti.

Skoðun gæðaeftirlitsmanna byggir á stöðluðum gátlistum sem endurskoðendaráð gefur út.

Við gæðaeftirlit hjá endurskoðunarfyirtækjum skal kanna hvort gæðakerfi fyrirtækisins er fullnægjandi, hvort innra eftirlit fyrirtækisins er fullnægjandi og hvort endurskoðendur sem starfa innan fyrirtækisins hafa sinnt endurmenntunarskyldu sinni.

Við skoðun á einstökum verkefnum skulu gæðaeftirlitsmenn skoða sérstaklega:

- Hvort farið hafi verið eftir innri gæðareglum.
- Hvort skipulag og framkvæmd endurskoðunarinnar sé í samræmi við lög og staðla.
- Hvort eðlilegt og rökrænt samhengi sé á milli niðurstöðu endurskoðunar og þeirra vinnugagna sem til staðar eru í endurskoðunarskránni.

16. gr.

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyirtæki sem sætir gæðaeftirliti skal veita þeim sem sinnir gæðaeftirliti nauðsynlega aðstoð og aðgang að upplýsingum sem óskað er eftir við gæðaeftirlitið og getur ekki borið fyrir sig lagaákvæði um þagnarskyldu í því skyni að takmarka skyldu sína til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum, sbr. 4. mgr. 31. gr. laga um endurskoðendur og endurskoðun.

Endurskoðunarfyirtæki skulu sjá til þess að endurskoðendur sem gæðaeftirlit beinist að og hætt hafa störfum fái aðgang að nauðsynlegum gögnum til að gæðaeftirlit geti farið fram.

Verði endurskoðandi eða endurskoðunarfyirtæki ekki við tilmælum gæðaeftirlitsmanna um að veita aðgang að nauðsynlegum gögnum við framkvæmd gæðaeftirlits skulu gæðaeftirlitsmenn þegar í stað senda skýrslu þar að lútandi til framkvæmdaraðila gæðaeftirlitsins. Ef framkvæmdaraðili er annar en endurskoðendaráð ber aðilanum að tilkynna endurskoðendaráði um atvikið og tekur ráðið afstöðu til frekari meðferðar málsins á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun.

17. gr.

Gæðaeftirlitsmenn skulu taka saman skýrslu um niðurstöður sínar. Þegar fleiri verkefni eru skoðuð skal að jafnaði gera grein fyrir niðurstöðu skoðana á þeim í einni skýrslu. Afhenda skal skýrsluna þeim aðila sem eftirlitið beinist að innan tuttugu daga frá því gagnaöflun lauk.

Sá sem eftirlitið beinist að skal staðfesta móttöku skýrslunnar og gefst þá jafnframt kostur á að koma á framfæri innan tíu virkra daga athugasemdum, sem gæðaeftirlitsmenn taka afstöðu til. Athugasemdir sem berast verða, ásamt umsögn gæðaeftirlitsmanna, hluti af eftirlitsskýrslunni. Endanleg skýrsla skal liggja fyrir tíu dögum síðar.

Sá sem eftirlitið beinist að fær afrit af endanlegri skýrslu. Efni eftirlitsskýrslu er trúnaðarmál.

18. gr.

Gæta skal fyllsta öryggis um meðferð gagna og trúnaðarupplýsinga við gæðaeftirlit. Gæðaeftirlitsmenn skulu ekki varðveita gögn eða upplýsingar sem varða störf þeirra að gæðaeftirliti loknu.

19. gr.

Endurskoðendaráð ber ábyrgð á varðveislu eftirlitsskýrslna. Skýrslur skulu varðveittar með tryggilegum hætti.

Viðbrögð við niðurstöðu gæðaeftirlits.

20. gr.

Endurskoðendaráð metur niðurstöðu gæðaeftirlitsins og tekur afstöðu til frekari meðferðar á grundvelli ákvæða laga um endurskoðendur og endurskoðun. Getur endurskoðendaráð óskað eftir skýringum og gögnum frá endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum sem sæta gæðaeftirliti og skulu viðkomandi aðilar veita ráðinu aðgang að þeim upplýsingum sem óskað er eftir.

Þegar niðurstæða endurskoðendaráðs liggur fyrir sendir endurskoðendaráð lokaskýrslu til þess sem sætti gæðaeftirliti. Í skýrslunni skulu koma fram helstu niðurstöður gæðaeftirlitsins auk tilmæla varðandi atriði sem bæta þarf úr. Sé viðurlögum beitt skal það jafnframt koma fram í skýrslunni. Þá skal í skýrslunni gerð grein fyrir því hvort þörf sé á eftirfylgni með því hvort brugðist hafi verið við tilmælum endurskoðendaráðs og hvort endurskoðendaráð telji þörf á endurteknu eftirliti.

Birting upplýsinga um niðurstöðu gæðaeftirlits.

21. gr.

Endurskoðendaráð skal árlega birta upplýsingar um heildarniðurstöður gæðaeftirlitsins.

Að öðru leyti fer um birtingu samkvæmt ákvæðum 38. gr. laga um endurskoðendur og endurskoðun.

Þagnarskylda og vanhæfisástæður.

22. gr.

Gæðaeftirlitsmenn eru bundnir þagnarskyldu um allar upplýsingar sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum, sbr. 30. gr. laga um endurskoðendur og endurskoðun.

Ákvæði II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 skulu gilda um vanhæfi gæðaeftirlitsmanna. Sé gæðaeftirlitsmaður vanhæfur skal annar kallaður til í hans stað. Gæðaeftirlitsmaður skal sjálfur upplýsa um aðstæður sem leitt gætu til vanhæfis hans.

Kostnaður við gæðaeftirlit.

23. gr.

Endurskoðendaráð innheimtir þjónustugjöld fyrir gæðaeftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum, sbr. 40. gr. laga um endurskoðendur og endurskoðun. Fjárhæð þjónustugjalds skal vera í samræmi við gjaldskrá fyrir gæðaeftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum sem endurskoðendaráð gerir tillögu að og ráðherra staðfestir og birt er í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöldin renna óskipt til ráðsins.

Undir þjónustugjald vegna gæðaeftirlits fellur kostnaður vegna:

- a. skipulagningar og utanumhalds,
- b. útsendingar bréfa og gagna,
- c. vinnslu gagna,
- d. vettvangseftirlits á starfsstöð endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis,
- e. skýrslugerðar,
- f. endurtekens gæðaeftirlits og
- g. fundarsetu.

Gjöldin skulu greidd samkvæmt reikningi sem gefinn skal út eftir að gæðaeftirlit fer fram. Gjald-dagi er við útgáfu reiknings og eindagi 15 dögum síðar. Sé gjald greitt eftir eindaga reiknast dráttarvextir frá gjalddaga í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu. Innheimta má gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar.

24. gr.

Endurskoðendaráð gefur út leiðbeiningar um framkvæmd gæðaeftirlits. Leiðbeiningarnar skulu birtar á heimasíðu ráðsins.

25. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í lögum nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun, öðlast þegar gildi.

Nr. 1370

15. nóvember 2024

Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 1091/2020 um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda.

Endurskoðendaráði, 15. nóvember 2024.

Áslaug Árnadóttir.

Jón Arnar Baldurs.

Hildur Árnadóttir.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 2. desember 2024